

7. umdæmið verður Tunguhreppur.
8. umdæmið verður Hlíðarhreppur og Hofteigssókn upp að Hofteigi og Hnífilsdal, að þeim bæjum meðtöldum, og skal yfirsetukonan þar sitja á Hrafnabjörgum eða Hallgeirsstöðum.
9. umdæmið verður Hofteigssókn frá Hofteigi og Hnífilsdal svo og Brúarsókn á Jökuldal.
10. umdæmið verður Vopnatjardarhreppur.

Skrifstofu Austuramtsins, 14. júlí 1896.

Páll Briem.

Reglugjörð

fyrir Húnavatnssýslu um lækningu hunda af bandormum.

1. gr.

Í hverjum hreppi sýslunnar skulu kosnir af hreppsnefnd 3 menn eða fleiri til að annast um lækningu hunda af bandormum, og getur enginn, er öðrum er óháður, og ekki hefur aðra opinbera sýslan á hendi, skorast undan þeim starfa 3 ár í senn.

2. gr.

Lækningamenn skulu hafa bók löggilta af sýslumanni, er borgist af sýslusjóði. Í hana skal rituð skrá yfir hundaeigendur í hreppnum, tölu hunda þeirra og einnig tölu þeirra hunda, er þeir hafa til lækninga frá hverjum einum. — Fyrir hver árslok skulu þeir senda hreppstjórum skýrslu samkvæmt bókinni.

3. gr.

Skyldur skal hver hundeigandi að hafa helsei á rakka sínum, er á sje grafið nafn heimilisins. Rjettdræpur skal hver fullorðinn hundur, sem eigi ber helsei og lendir í flækning.

4. gr.

Alla hunda skal hreinsa með einhverju öruggu ormdrepandi meðali einu sinni á ári, í nóvembermánuði, og skulu þá saurindi hundanna hinna hreinsuðu eyðilögð á tryggjandi hátt með því að brenna þau eða grafa.

5. gr.

Heimilt er lækningamönnum að haga lækningum svo sem bezt þykir við eiga, þó svo, að fulltryggilegt sje. Skyllt skal öllum hundeigendum að flytja hunda sína á lækningastað þann, er lækningamenn kunna að ákveða, og hjálpa til við inngjöfina að við lögðum sektum.

6. gr.

Sýslunefndin annast útvegum meðalanna og borgun þeirra úr sýslusjóði, eins skal úr sýslusjóði borga lækningamönnum 20 auro fyrir hvern hund, er hreinsaður hefur verið.

7. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varðar allt að 10 kr. sektum, sem sýslumaður ákveður eftir málavöxtum, hvort sem lækningamenn eða hundeigendur

106 eiga hlut að máli. — Sektir falla hálfar til uppljóstrarmanns, ef til er, og hálfar í sýslusjóð, en ella fellur sektin öll í sýslusjóð.

8. gr.

Hreppstjórar skulu skyldir að hafa nákvæmt eptirlit með, að reglugjörð þessari sje fylgt.

9. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. janúar 1896.

*

*

*

Framanrituð reglugjörð var samþykkt af sýslunefnd Húnavatnssýslu á aðalfundi hennar 9.—14. marz 1894.

Skrifstofu Húnavatnssýslu, 22. júlí 1896.

Jóh. Jóhannesson
settur.

107

Skýrsla

um aðalfund amtsráðsins í Austuramtinu 29. júní til 2. júlí 1896.

Ár 1896, hinn 29. júní, var aðalfundur amtsráðs Austuramtsins settur og haldinn á Eskifirði af forseta amtsráðsins amtmanni Páli Briem, amtsráðsmanni Austur-Skaptafellsýslu hjeraðslækni Þorgrími Þórðarsyni, amtsráðsmanni Suður-Múlasýslu búfræðingi Sigurði Einarssyni á Hafursá, amtsráðsmanni Norður-Múlasýslu prófasti Einari Jónssyni í Kirkjubæ og amtsráðsmanni Norður-Þingeyjarsýslu hreppstjóra Árna Kristjánssyni á Lóni.

Á fundinum komu þessi mál til umræðu:

1. Forseti lagði fram reikninga yfir tekjur og gjöld eptirfylgjandi sjóða 1895 með fylgiskjöllum:
 - a. Jafnaðarsjóðs Austuramtsins.
 - b. Búnaðarsjóðs —»—
 - c. Búnaðaskólasjóðs —»—
 - d. Gjafasjóðs Guttorms prófasts Þorsteinssonar.
 - e. Gjafasjóðs Pjeturs sýslumanns Þorsseinsonar.
 - f. Bókasafns Austuramtsins.
2. Fram var lagt brjef landshöfðingjans, dags. 21. sept. f. á., um, að amtsráðið hafi eptirlit með, að fram fylgt verði lögum frá 11. júlí 1890, um styrktarsjóði handa alþýðufólki.
3. Fram voru lagðir eptirfylgjandi sýslusjóðsreikningar:
 - a. Austur-Skaptafellssýslu 1895.
 - b. Suður-Múlasýslu 1894 og 1895.
 - c. Norður-Múlasýslu 1895.
 - d. Norður-Þingeyjarsýslu 1895.

Og var amtsráðsmönnum Austur-Skaptafellssýslu og Norður-Þingeyjarsýslu falið að rannsaka þá.